

Borgarfjarðarhreppur  
Hreppsstofa  
720 Borgarfjörður (eystri)

Reykjavík, 25. nóvember 2019  
UST201904-164/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarfjarðarhrepps**

Þann 30. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarfjarðarhrepps að Brandsbölum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og fjögur frávik komu fram er varða:**

1. 20. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Gera skal viðeigandi ráðstafanir, með tilliti til einkenna urðunarstaðarins og veðurfræðilegra skilyrða, sbr. I. viðauka, í því skyni að hafa stjórn á úrkomuvatni sem berst í urðaða úrganginn. Regnvatn stóð í urðunarrein fyrir seyru.
2. 1. mgr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki skráður hjá Umhverfisstofnun. Gildistími starfsleyfi urðunarstaðarins var til 1. febrúar 2017 og undanþága frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu gilti 1. maí 2019. Urðunarstaðurinn er í rekstri og því rekinn án starfsleyfis.
3. 7. lið I. viðauka við reglugerð um urðun úrgangs. Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Tvær kindur voru innan girðingar sem bendir til þess að viðhaldi á girðingum sé ábótavant.
4. 2. lið í III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Eftirfarandi veðurfræðilegra gagna skal afla við vöktun á urðunarstaðnum eða frá næstu veðurathugunarstöð á rekstrartíma; daglegt magn úrkomu, daglegt hitastig (hámark, lágmark, hádegi), dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar, dagleg uppgufun, daglegur loftraki. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn skráningum er varða ofangreind atriði.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. desember, 2019.**

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps Brandsbölum

UMHVERFISSTOFNUN

|                     |                                  |                         |                            |
|---------------------|----------------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 30.9.2019                        | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir      |
| Fyrirtæki           | Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps    | Eftirlitsmaður          | Dröfn Svanbjörnsdóttir     |
| Heimili             | Borgarfjarðarhreppur, Hreppstofa | Tegund eftirlits        | Framselt eftirlit          |
| Kennitala           | 4801696549                       | Flokkur                 | Úrgangur og efnamóttaka    |
| Fulltrúi fyrirtækis | Björn Skúlason                   | ÍSAT nr.                |                            |
| Fulltrúi fyrirtækis |                                  | Staðsetning             | 739418,151      568593,816 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram eitt frávik frá lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar starfsleyfisskylda starfsemi án starfsleyfis. Þá komu fram þrjú frávik frá reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs er varða vatn í urðunarrein, skil á skráningum og takmörkun aðgangs.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Á skrifstofu áhaldahússins var farið yfir gögn um áhættumat fyrir urðunarstaðinn og upplýsingar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Einnig var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu og upplýsingar um úrbætur vegna frávika í þeiri skýrslu.

Viðbragðs- og neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

Magntöluum úrgangs hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar en skráningum er varða tæmingu hreinsibúnaðar fyrir sigvatn, úrgang sem hafnað er til urðunar, mengunaróhöpp og veðurfarsupplýsingar hefur ekki verið skilað.

Urðunarstaðurinn var skoðaður í fylgd með fulltrúa sveitarfélagsins. Frárennslissýni voru tekin í eftirlitsferðinni skv. samkomulagi sveitarfélagsins og HAUST sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi. Brunnur fyrir neðan svæðið var þurr.

Eftirfarandi kom fram á vettvangi.

Við aðkomu var hlið læst. Tvær kindur voru innan girðingar.

Skipulag og yfirbragð urðunarstaðarins var gott. Allur endanlegur frágangur urðunarreina var til fyrirmynadar. Ekkert fokefni var sjáanlegt innan né utan girðingar né voru ummerki um meindýr á svæðinu.

Urðunarreinar voru fjórar, þ.e. fyrir lífrænan úrgang, almennan úrgang, blandaðan grófan úrgang og seyru.

Regnvatn stóð í urðunarrein fyrir seyru.

Í urðunarrein fyrir almennan úrgang var að finna málm, plast o.fl. sem hægt er að endurnýta.

Í urðunarrein fyrir grófan úrgang var að sjá meðhöndlað og ómeðhöndlað timbur.

Í urðunarrein fyrir lífrænan úrgang var að finna talsvert af plasti. Bændur hafa fengið leyfi til að fara inn á svæðið og farga lífrænum úrgangi.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

|   |  |
|---|--|
| 20. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs | Gera skal viðeigandi ráðstafanair, með tilliti til einkenna urðunarstaðarins og veðurfræðilegra skilyrða, sbr. I. viðauka, í því skyni að hafa stjórn á úrkomuvatni sem berst í urðaða úrganginn. Regnvatn stóð í urðunarrein fyrir seyru. |
|---|--|

1. mgr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki skráður hjá Umhverfisstofnun. Gildistími starfsleyfis urðunarstaðarins var til 1. febrúar 2017 og undanþága frá umhverfis-og auðlindaráðuneytinu gilti til 1. maí 2019. Urðunarstaðurinn er í rekstri og
7. lið I. viðauka við reglugerð um urðun úrgangs Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Tvær kindur voru innan girðingar sem bendir til þess að viðhaldi á girðingum sé ábótavant.

2. lið í III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs Eftirfarandi veðurfræðilegra gagna skal afla við vöktun á urðunarstaðnum eða frá næstu veðurathugunarstöð á rekstrartíma; daglegt magn úrkomu, daglegt hitastig (hámark, lágmark, hádegi), dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar, dagleg uppgufun, daglegur loftraki. Rekstraraðili hefur ekki skila inn skráningum er varða ofangreind atriði.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.
2. Rekstraraðila var bent á að úrgang sem hægt er að endurvinna eða endurnýta á ekki að fara í urðun.

25.11.2019



Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.